

Fundargerð 1. fundar stjórnar Sprotasjóðs

Fundurinn var haldinn, 16. sept. 2009 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Mættir voru allir aðalmenn stjórnar: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Finnur Friðriksson, Rósa Gunnarsdóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 13:15. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Farinn var stuttur kynningahringur. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1. Tilgangur sjóðsins (sbr. reglugerð), vinnulag stjórnar og hlutverk umsýsluaðila.

Rætt var um tilgang sjóðsins og vinnulag stjórnar. Ákveðið var að setja þyrfti upp verklagsreglur sem stjórnin gæti farið eftir þegar verið er að meta umsóknir. Sigurjón talaði um að setja upp verklagsreglur og senda til stjórnarmanna, þær yrðu svo ræddar á næsta fundi.

Fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að hafa í huga að sjóðnum er aðeins ætlað að styðja við sprotaverkefni ýmis konar en ekki lögbundin verkefni. Einnig var rætt um að huga þyrfti að því hvernig styrkjum yrði dreift, t.d milli landshluta og skólastiga (e.t.v væri þróunarsjóður námsgagna eitthvað sem horfa mætti til í þeim efnum).

Rætt var um hlutverk stjórnar og hlutverk umsýsluaðila. Umsýsluaðila ber að taka á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsíðu sem sett verður upp fyrir sjóðinn á heimasíðu menntamálaráðuneytisins. Lögð voru fram drög að verklagsreglum um meðferð umsókna í Sprotasjóð (sjá í tillögur 1. fundar).

Fram kom hugmynd um að þegar búið væri að fara yfir umsóknirnar væri gott að greina þær nánar, t.d hvaðan þær koma og hvaðan þær eru ekki að koma. Eitthvað sem stjórnarmenn vona að hægt sé að skoða betur eftir áramót.

2. Hvernig ber að auglýsa sjóðinn fyrir umsækjendum. Umsóknarfrestur. Verklag við móttöku og viðmið við mat á umsóknum. Verksamningar við styrkþega.

Lögð voru fram drög að tímasetningum vegna vinnu stjórnar Sprotasjóðs (sjá í tillögur 1. fundar). Talað var um að þetta væri knappur tími en ákveðið að halda sig við þessa tímaáætlun eins og hún var sett upp.

Lögð voru fram drög að rafrænu umsóknarblaði og þau rædd (sjá í tillögur 1. fundar).

Bent var á að gera þyrfti nokkrar breytingar, m.a var talað um að undir liðnum, upplýsingar um umsóknarskóla, þyrfti að breyta orðalaginu: Hvernig verður starfshlutfalli hans varið í verkefnavinnunni, þannig að það yrði: Hvert verður starfshlutfall verkefnisstjóra.

Einnig var bent á að bæta þyrfti inn á formið eyðu þar sem umsækjandi þarf að rökstyðja hvers vegna verkefnið hans ætti að fá úthlutun úr sjóðnum. Lagt var til að sá liður kæmi inn á eftir liðnum, markmið verkefnis.

Lagt var til að undir liðnum, kostnaðaráætlun, þyrfti að setja upp dæmi um kostnaðarliði og hvaða upphæð væri verið að sækja til Sprotasjóðs.

Lögð var fram tillaga að skilgreiningu viðmiða við mat á umsóknum, sbr. 6. gr. í reglugerð (sjá tillögur 1. fundar).

Lögð voru fram drög að auglýsingu (sjá í tillögur 1. fundar). Með hliðsjón af 4. gr. í reglugerð, var rætt um að auglýsa ætti eftir umsóknum á vef menntamálaráðuneytisins, í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og í Skólavörðunni.

3. Styrkuppghæðir. Skil á skýrslum fyrir verkefni og meðferð þeirra.

Ákveðið var á fundinum að ekki ætti að gefa upp upplýsingar um styrkuppghæðir til hvers verkefnis. Varðandi þær umsóknir sem koma inn þá var talað um, í ljósi þess að knappur umsóknartími væri gefin að þessu sinni, að stjórn gæti tekið á móti umsóknum sem ekki væru fullmótaðar og beðið viðkomandi umsækjanda um að móta þær enn frekar og sækja um á næsta umsóknartímabili.

Rædd voru áherslusvið sjóðsins (sjá í drögum að auglýsingu) og ákveðið að breyta orðalagi í fyrstu tveimur liðunum. Talað var um að hafa þriðja liðinn opinn. Breytingarnar sem lagðar voru til voru eitthvað á þessa leið:

- Sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og kennsluháttum.

- Læsi og lestrarkennsla

Annað (aðrar hugmyndir um þróun og nýjungar í skólastarfi teknar til greina)

Einnig var talað um að breyta síðustu málsgrein í drögum þannig að hún yrði eitthvað á þessa leið: Skólastjórnendur, kennarahópar og einstakir kennarar geta sent inn umsókn í Sprotasjóð. Aðrir aðilar geta sótt um þróunarverkefni í samstarfi við skóla. Í þeim tilfellum skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.

4. Önnur mál.

Stefnt er að því að stjórn Sprotasjóðs hittist aftur um miðjan nóvember. Fundi var slitið um kl. 16:00.